Utangarðs?



Sem kornabörn áttu allir þeir einstaklingar sem sýningin fjallar um lífið fyrir sér en örlögin höguðu því þannig að eitthvað gerði það að verkum að þeir urðu á skjön við samfélag sitt. Sumir fæddust fatlaðir, aðrir veiktust alvarlega og enn aðrir fengu í vöggugjöf hæfileika sem ekki voru metnir að verðleikum. Þá voru einhverjir sem urðu fyrir áföllum í lífinu, eins og að maki þeirra dó eða ást brást, sem leiddi til þess að líf þeirra breyttist til hins verra.

Ástæðu þess að margir einstaklingar fylla hóp flakkara á seinni hluta 19. aldar má einnig rekja til þess að árin eftir 1850 voru erfið í sögu landsins. Eldgos, sjúkdómar og slæmt árferði ár eftir ár, ásamt hafís, ollu því að niðursetningum fjölgaði og það hægðist á fólksfjölgun sem hafði verið töluverð á fyrri hluta aldarinnar.

Ef slys, sjúkdóm eða dauða bar að höndum hjá fyrirvinnu fjölskyldu á þessum tíma var ekki hægt að leita í tryggingakerfi eins og við þekkjum í dag. Fyrsti vísir að sameiginlegri tryggingaábyrgð kemur undir lok 19. aldar. Þá eru settir á stofn sjóðir fyrir ekkjur sjódrukknaðra manna og undir lok aldarinnar skapast umræður á Alþingi um ellitryggingar.

Að vera utangarðs í samfélaginu: vera út undan, vera ekki fyllilega viðurkenndur í samfélaginu (*Íslensk orðabók* 2002).

Ljósmynd í bakgrunni: Frederick W. W. Howell, 1890-91.

Á skjön við samfélagið

Fram undir 1870 var íslenskt samfélag frekar einfalt að gerð, flestir íbúanna höfðu viðurværi sitt af landbúnaði. Þetta skar fólki æði þröngan stakk. Í höfuðdráttum lágu framtíðarmöguleikar Íslendinga í að verða bændur, embættismenn eða vinnufólk og fátt umfram það. Þeir sem ekki féllu inn í þennan ramma lentu oft og tíðum utangarðs í samfélaginu og margir lögðust þá í flakk.

Fólksfjölgun varð töluverð á 19. öld en lögbýlum, grunneiningu bændasamfélagins, fjölgaði ekki í takt við það. Fólk átti erfitt með að fá land, heiðarbýlum fjölgaði en fyrst og fremst stækkuðu heimili landsins. Um miðja öldina voru um 35–40% íbúa yfir 15 ára í stétt vinnufólks. Á árunum 1870–1900 fluttust um tólf þúsund Íslendingar til Vesturheims og var það meðal annars vegna þess að þetta fólk sá ekki fram á að fá land til þess að framfæra sig og sína á.

Með tilkomu betri fiskiskipa og veiðitækni fjölgaði fólki við sjávarsíðuna og stuðlaði það að aukinni þéttbýlismyndun víða um land. Það leiddi til þess að starfsmöguleikar fólks jukust til muna í bæjunum. Samfara því lagðist flakk af en síðustu flakkararnir voru að þvælast um landið á fyrstu árum 20. aldar.

Í Reykjavík var árið 1909 tekin í notkun vatnsveita en fram að þeim tíma þurftu bæjarbúar að sækja vatn í brunna eða vatnspósta sem voru á nokkrum stöðum í bænum. Um þetta skapaðist atvinna sem iðulega var sinnt af fólki sem passaði ekki fyllilega inn í samfélagið.

Íbúar Reykjavíkur

1801	307
1850	1.149
1890	3.886
1901	6.682
1910	11.600

Ljósmynd í bakgrunni: Frederick W. W. Howell, 1890-91.

Lög og reglugerðir um flakk og fátækraframfærslu



1096

Tíundarlög Gissurar Ísleifssonar

Fjórðungur tíundar var notaður til að framfæra fátæka.

Grágás

Þeim sem þurftu framfærslu var skipt í ómaga og þurfamenn.

Framfærslumál voru eitt mikilvægasta verkefnið sem hreppunum var látið í té.

1280-1490

Jónsbók 1280

Ómagaframfærsla skiptist í frænda-framfærslu og sveitarframfærslu. Fólki var heimilt að flakka til að framfæra sig og fjölskyldu sína.

Píningsdómur 1490

Menn og konur sem áttu undir þremur hundruðum skyldu vera í vist hjá bændum og var refsing lögð við flakki.

1685

Bessastaðapóstar 1685

Ef menn yrðu uppvísir að flakki skyldi hýða þá. Við síendurteknu flakki mátti senda menn á Brimarhólm.

1746

Húsagatilskipun

Lausamennska bönnuð.

Flakk var bannað en þó máttu þeir sem ekki gátu framfært sig vegna fátæktar eða veikinda sækja um vegabréf sem heimiladi flakk.

1781-1783

Konungsbréf um flakk 1781

Menn þurftu að verða sér úti um passa hjá sýslumanni og prestar áttu að fylgjast með umferð manna.

Allt vald í framfærslumálum var lagt í hendur sýslumanna en hreppstjórar fóru með umboð þeirra mála.

1783

Lausamennska aftekin með öllu þar sem hún þótti skaðleg.

1834 -1847

1834

Töluverð breyting verður á frænda-framfærslu.
Nú þurftu aðeins foreldrar að sjá um börn sín og börn um foreldra. Með þessu jókst framfærslu-skylda hreppanna. Hver maður átti sveitfesti í þeim hrepp þar sem hann hafði búið í samfleytt í 5 ár eftir 16 ára aldur án þess að hafa fengið sveitarstyrk. Krafan um sveitfesti var svo aukin í 10 ár árið 1847.

Ákvæði um framkvæmd hreppaflutninga hafði í för með sér að fólk var oft flutt fram og til baka á meðan hreppsyfirvöld deildu um hvar fólk ætti rétt á aðstoð.

1872

Hreppsnefndir taka við framkvæmd fátækraframfærslu af hreppstjórum og sóknarprestum.

1887-1889

1887

Frumvarp til laga um að sá sem þiggur sveitarstyrk skal greiða hann til baka.

1889

Stofnaður styrktarsjóður handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki.

1894-1895

Vistarband afnumið 1894

Lög um flutning þurfamanna 1895

Þá skyldi ekki flytja fyrr en víst væri hvar þeir ættu rétt á aðstoð.

1907-1909

Ný fátækralög 1907

Skýr ákvæði um réttarstöðu þurfamanna og lagalegar skyldur þeirra. Ekki mátti beita þá illri meðferð eða órétti.

1909

Almennur ellistyrkur færður í lög.

1936

Lög um alþýðutryggingar

Almenn tryggingarskylda allra á aldrinum 16-67 ára.

Lög um ríkis framfærslu sjúkra og örkumlaðra.

Stofnun atvinnuleysissjóða.

Manntal 1703

Þurfamenn	6.789
Fengu aðstoð frá hreppnum	617
Flakkarar	394
Fólksfjöldi á landinu	50.958

	1703	1801	1861	1871	1890	1901
Þurfamenn	617	-	777	804	1.026	552
Niðursetningar	6.789	2.190	2.284	4.322	2.749	1.956
Fólksfjöldi á Íslandi	50.358	47.240	66.987	69.763	72.529	78.490
			(1860)	(1870)		

Ljósmynd í bakgrunni: Frederick W. W. Howell, 1890-91.

Vinnukonan



Arndís Jónsdóttir (~ 1745–1806)

Barna-Arndís

Arndís Jónsdóttir, sem kölluð var Barna-Arndís, er talin fædd um 1745. Foreldrar hennar bjuggu við mikla fátækt á Gamla-Hrauni á Eyrarbakka en ung gerðist Arndís vinnukona að Meðallandi í Skaftafellssýslu. Gerðist hún sek um að eignast þrjú börn með tveimur kvæntum mönnum og árið 1771 var hún dæmd til dauða. Samkvæmt Stóradómi skyldi drekkja henni í vatni. Dómurinn var þó mildaður á Alþingi árið eftir til fjögurra ára fangelsisvistar. Sat hún dóminn af sér í fangelsinu við Arnarhól, en ól þar tvö börn og kenndi við samfanga sinn, útilegumanninn Arnes Pálsson.

Eftir afplánunina hélt Arndís til Eyrarbakka en var fljótlega ákærð fyrir sjötta lausaleiksbrot sitt og fór brott úr sveitinni. Brátt eignaðist hún sjöunda og áttunda barn sitt, aftur með kvæntum manni. Hún var dæmd til lífstíðarfangelsisvistar í Spunahúsinu í Kaupmannahöfn og varð að dúsa í gæsluvarðhaldi hjá landfógetanum í Viðey þar til hún skyldi send út haustið 1784. En þá kom maður nokkur, Magnús Pálsson, og bað um hönd hennar. Arndísi var veitt sakaruppgjöf og þau fengu giftingarleyfi, sem þó kom ekki fyrr en eftir andlát Magnúsar 1785. Arndís gekk síðar að eiga Jón Jónsson og eignaðist með honum sitt níunda barn, það eina sem getið var í lögmætu hjónabandi.

Arndís lést í Skálholtskoti í Reykjavík 1806.

Flækingsfuglar



Sölvi Helgason (1820–1895)

Sólon Islandus

Sölvi er einn þekktasti flakkari Íslands. Hann var fæddur 16. ágúst 1820 í Skagafirði. Sem barn var hann vistaður á ýmsum bæjum og lagðist svo á flakk um 16 ára aldurinn. Árið 1843 var Sölvi handtekinn fyrir að vera með falsaðan reisupassa og hlaut tveimur árum síðar dóm fyrir brot sitt. Hann hlaut fleiri dóma og var sökin yfirleitt flakk og þjófnaður. Fyrir brotin var hann hýddur og dæmdur til þriggja ára betrunarvistar í Kaupmannahöfn. Sölvi lést 27. nóvember 1895.

Sölva var margt til lista lagt. Eftir hann eru varðveittar teikningar og myndir, ásamt ýmsum handritum með kvæðum hans, sögum og ritgerðum. Hann var ýmist talinn veikur á geði, sérvitur eða afburða greindur.



Símon Bjarnarson (1844–1916)

Simon Dalaskáld

Símon fæddist 2. júlí 1844 og lést 9. mars 1916. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum á Höskuldsstöðum í Blönduhlíð til fjórtán ára aldurs. Eftir það réðist hann í smala- og vinnumennsku á ýmsum bæjum. Þegar hann var um þrítugt kvæntist hann Margréti Sigurðardóttur og bjuggu þau lengst af á Silfrastöðum í Tungusveit þar til þau skildu eftir nokkurra ára stormasamt hjónaband. Eftir skilnaðinn dvaldist hann um tíu ára skeið í Gilhaga í Skagafirði en fór svo að flakka milli bæja eftir það. Flakkaði hann einnig í Húnavatnssýslu, Vestur- og Suðurlandi.

Snemma fór Símon að yrkja og hafði það fyrir sið að yrkja vísur um heimilisfólk þar sem hann var gestur. Eftir hann eru varðveittar rímur og ýmis kvæði.

Eyjólfur Sigurðsson (1829–1896)

Eyjólfur tónari

Eyjólfur Sigurðsson fæddist í Botnsdal í Hvalfirði 27. júlí 1829. Hann var getinn utan hjónabands en ólst upp hjá föður sínum og stjúpmóður á Litla-Botni. Hann lést þar 16. mars 1896. Eyjólfur var eins konar farandleikari og eftirherma. Skemmti hann fólki með þessum hæfileikum sínum og var alls staðar aufúsugestur. Hann gekk undir viðurnefninu tónari því að hann hafði sérstakt lag á að líkja eftir prestum og væri hann beðinn um að gera það steypti hann yfir sig svörtu kvenpilsi og hafði sem hempu. Stundum stóð hann í tómri tunnu sem þjónaði þá hlutverki prédikunarstóls.



Guðmundur Árnason (1833–1913)

Gvendur dúllari

Guðmundur fæddist 7. júlí 1833 í Vestur-Landeyjahreppi en hann missti foreldra sína ungur. Sagt er að hann hafi fengið taugaveiki og heilabólgu, sem varð til þess að hann missti allt vit um skeið, og mun aldrei hafa orðið samur.

Guðmundur er frægur af viðurnefni sínu, Gvendur dúllari, en það vísar til eins konar söngs sem hann iðkaði. Bar hann sig jafnan þannig að við dúllið að hann studdi öðrum olnboganum fram á borð og hafði einhvern lepp undir honum. Síðan dillaði hann enda litla fingurs eða vísifingurs í hlustinni á meðan hann dúllaði lagið, en það gerði hann með því að velta tungubroddinum upp og niður við efri góminn, svo að fram kom dillandi hljóð í margs konar tilbrigðum og tónhæðum. Oftast dúllaði hann sálmalög og höfðu margir gaman af þessari skemmtun, sem stundum var auglýst opinberlega. Guðmundi var þó fleira til lista lagt, t.d. líkti hann eftir tóni presta, kvað rímur og orti stemmur.

Guðmundur lést 20. apríl 1913.

Flökkukerlingar



Ropa-Katrín

Katrín hét gömul kona sem flakkaði um á milli bæja í Skagafirði á seinni hluta 19. aldar. Viðurnefni sitt fékk hún af því að hún var þeirri náttúru gædd að geta ropað endalaust og var hún því kölluð Ropa-Katrín. Segir sagan að fólk hafi vitað af því löngu áður en hún kom á bæi að von væri á henni þar sem roparnir fóru að heyrast áður en nokkuð sást til Katrínar. Þegar heim á bæinn var komið bað hún um að sér yrði gefið kaffi enda væri kaffið það eina sem gæti læknað hana af ropanum. Þegar Katrínu var svo gefinn kaffibolli tók hún báðum höndum um hann, reri sér fram og söng: „Ó, finn ég, hvað ég sýp. Ó, finn ég hvað ég sýp.“



Manga dauðablóð

Manga dauðablóð kom oft til Reykjavíkur en sagðist sjálf vera frá Mosfellssveit. Manga var suðræn í útliti, hafði tinnusvart hár og skolbrúnt andlit. Hún hafði dálæti á skærum litum, notaði marglitan höfuðklút, grænt slifsi og rauða svuntu. Hún hefur sennilega verið veik á geði og hræddust börn hana oft þegar hún gekk um götur bæjarins og tautaði blóts- og skammaryrði um menn og málefni. Manga sníkti aldrei mat, heldur átti hún sér velgjörðarmenn sem viku ýmsu að henni.



Hunda-Sigga

Hunda-Sigga bjó í litlum kofa á Höfðaströnd á vetrum en á sumrin flakkaði hún um. Hafði hún þá alltaf með sér fimm til sex hunda. Þótti fólki mikið um að taka á móti henni því að það þurfti að bera hundunum mat, sem oft var mikill skortur á. Sjálf var Sigga þó ekki óvinsæl, því oft kom hún færandi hendi og gaf húsfreyjunum t.d. sokka og vettlinga og ýmislegt fleira.



Þorgerður postilla

Þorgerður hét kona og hafði viðurnefnið postilla. Talið er að hún hafi verið austan úr Grafningi og kom hún til Reykjavíkur tvisvar á ári, að sumri og hausti, og seldi þá ýmsan varning. Einnig segir sagan að hún hafi borið á sér kartöflur til að gefa húsfreyjum til útsæðis. Þegar hún kom til bæjarins gerðist hún oft drykkfelld og slagaði svo um göturnar og raulaði. Þorgerður gekk alltaf í karlmannsfötum, buxum og duggarapeysu, með axlarbönd og hatt á höfði. Um hana er varðveitt þessi vísa:

Margur slórir máttlinur
maður lífs á vegi
þetta tórir Þorgerður
þó að aðrir deyi.

Sögumaðurinn



Eiríkur Laxdal Eiríksson (~ 1743-1816)

Eiríkur fæddist að Hvammi í Laxárdal í Skagafirði um 1743 og var sonur Elínar Eiríksdóttur og sr. Eiríks Jónssonar. Hann var skólagenginn maður, fyrst var hann í Hólaskóla og 1769 fór hann utan til Kaupmannahafnar þar sem hann var við nám en flosnaði upp úr því. Áður hafði hann starfað sem djákni á Reynisstað en missti það embætti þegar hann átti barn utan hjónabands með Elínu Halldórsdóttur (f. 1730). Í nokkur ár var hann í danska sjóhernum og sigldi um heimsins höf á þeim tíma. Hann sneri aftur til Íslands árið 1777.

Eiríkur þótti æði sérvitur, ósvífinn og ólaginn til vinnu. Hann var læs á mörg erlend mál og kunni meðal annars latínu. Hann þótti afburðagóður sögumaður og sagði gjarnan sögur þegar hann var á flakki sínu. Til eru tvær sögur eftir Eirík, *Ólands-saga* og *Ólafs saga Þórhallasonar*, en auk þess samdi Eiríkur nokkrar rímur sem hafa varðveist.

Eiríkur bjó árið 1801 að Neðra-Nesi á Skaga ásamt konu sinni, Ólöfu Guðmundsdóttur (f. 1745). Vegna fátæktar neyddust þau til að bregða búi og í kjölfarið varð hún niðursetningur en hann lagðist í flakk það sem eftir var ævinnar. Eiríkur dó að Stokka-hlöðum í Eyjafirði árið 1816.

Kona
kær er mér að öllu
kurt og dygð búin;
svona
sviptir hún mig göllum,
sefast hörmungin.
Vonar
vel á drottin sinn.
Hugurinn frjáls er heima,
hana ég hvern dag finn.

Kvæði Eiríks um konu sína, Ólöfu. Þau voru bæði á sextugsaldri þegar þau giftust og var hún ekkja.

Verkamaðurinn

Guðmundur Guðmundsson (1835–1905)

Gilsárvalla-Gvendur

8. október 1835 fæddist hjónunum Guðmundi og Soffíu að Hafrafellstungu í Öxarfirði sonur sem skírður var Guðmundur. Örlögin höguðu því þannig að sem kornabarn var hann tekinn í fóstur, en fluttist til móður sinnar að Gilsárvöllum 19 ára gamall. Síðar átti hann eftir að búa í skjóli systra sinna bæði í Þistilfirði og í Hjaltastaðaþinghá. Síðustu ár ævi sinnar var hann hjá hálfsystur sinni að Gilsárvöllum og þá skráður sem niðursetningur. Guðmundur dó 1905.

Snemma varð ljóst að eitthvað vantaði upp á eðlilegan þroska hjá Gvendi og átti hann erfitt með nám og hafði ekki mikið verkvit. Hann þótti orðheppinn og jafnvel meinyrtur en var málhaltur. Hann var hreinlyndur að eðlisfari og reyndi aldrei að sýnast meiri en hann var.

Gvendur tolldi illa í vist en sótti einna helst í að vinna sóðalega vinnu og var hann oft fenginn til að vinna sérhæfð verk á heimilum, svo sem að drepa hesta og hluta þá niður eða þæfa ull. Hann var mikill matmaður og fékk hann gjarnan greitt fyrir verk sín í mat. Baunagrautur, súrmeti og hrossakjöt þótti honum einstakt lostæti.

Hann fór allra sinna ferða fótgangandi og flakkaði um Fljótsdalshérað og firðina þar fyrir sunnan og mun flakk hans hafa ágerst eftir því sem hann varð eldri. Oft var hann í sendiferðum fyrir menn og treystu þeir honum vel. Fengi hann sendibréf þá velti hann þeim lengi fyrir sér sem gerði það að verkum að hann þekkti hvert bréfin áttu að fara án þess að kunna að lesa. Útlit bréfsins sagði allt og það brást ekki að bréfin rötuðu á réttan stað.



Á Gilsárvöllum var til skál sem kölluð var Gípa en í hana var hægt að koma tveimur og hálfum lítra. Gvendur fékk skammtinn sinn í þessa skál og var ekki lengi að klára hann.

Gvendur var vanur að setja [matar]skálina á milli fóta sér og gaf ekki upp fyrr en öllu var lokið. Rann þá löngum grautarlækur niður úr skegginu ofan bringuna og niður á milli fóta hans þar sem hann sat, en því öllu saman var hann vanur að þurrka í ermi sína. Bitamat stýfði Gvendur úr hnefa, þurrkaði svo slurpinn af af fingrunum utan í buxnaskálmarnar. Rétti svo vel úr sér í sætinu, teygði úr hálsinum og ropaði ógurlega, sagðir svo með glaðlegum upphrópunartón: „Sona mundi enginn svangur láta.“

Halldór Ármannsson: „Gilsárvalla-Gvendur.“ *Tíminn – sunnudagsblað*. 19. maí 1963.

Utanveltu



Jón Gissurarson (1810-1880)

Jón kis-kis

Jón Gissurarson fæddist 18. júlí 1810 og snemma var það ljóst að hann hafði skerta greind. Hann bjó yfir takmörkuðum orðaforða og var ekki fermdur fyrr en um tvítugt. Hann var þó samviskusamur og góður vinnumaður og vann lengst af hjá Daníel Bernhöft bakara í Reykjavík. Jón lést árið 1880.

Jón hlaut viðurnefni sitt, kis-kis, af því að eitt sinn var hann fenginn til að lóga ketti, en tókst það ekki vegna þess að kötturinn slapp úr snörunni. Götustrákar hófu þá að kalla hann þessu nafni sem festist við hann ævilangt og féll honum það illa. Aðrir bæjarbúar áttu það til að mjálma er þeir mættu honum og reiddist hann þá mjög. Jón kunni heldur ekki að telja og gerðu kaupmenn sér það oft til gamans að láta hann telja kaffibaunir og lagði hann þá brennivínspela undir. Þegar hann fór svo að ruglast við talninguna var barið fast í búðarborðshlerann sem baunirnar lágu á, svo að þær skoppuðu um allt og brennivínið gusaðist framan í Jón. Reiddist hann þá en sefaðist þegar honum var samt gefið brennivínið.



Finnbogi Finnsson (1860-1933)

Bóni prins


Finnbogi Finnsson fæddist þann 11. september 1860 í Skoruvík á Langanesi. Hann var sonur hjónanna Finns Guðmundssonar, sem oft var kallaður Barna-Finnur, og Kristínar Guðmundsdóttur, en hún var dóttir Rifs-Jóku. Hann er talinn hafa sturlast eftir lát barns síns og unnustu. Hann bjó lengst af hjá móður sinni, en eftir að hún lést árið 1915 varð hann reikull í ráði og eirði hvergi. Hann sagðist vera einkasonur Napóleons Bónaparte Frakklandskeisara og þar með réttborinn ríkisarfi Frakklands. Upp frá því var hann kallaður Bóni prins. Eitt sinn flakkaði hann meira að segja til útlanda og þegar hann sneri aftur sagðist hann hafa dvalist við frönsku hirðina.

Finnbogi lést 2. desember 1933 og er talið að hann hafi drukknað í Selvatni á Langanesi.

Jón Þorsteinsson (1822-1886)

Jón Kjósarlangur

Jón Þorsteinsson fæddist árið 14. apríl 1822 og ólst upp í nágrenni Reykjavíkur. Hann varð snemma stór og sterkur en var ódæll og átti erfitt með að tolla í vinnu. Hann fór því að flakka um landið og kom víða við. Dvaldist hann oft lengi á bæjum og einkum átti hann til að vera þaulsetinn á bæjum í Kjósarsýslu og fékk þar af viðurnefnið Kjósarlangur. Jón var meðal óvinsælli flakkara á heimilum fólks enda var hann kjöftugur og hávær, kvað klámvísur og söng við raust. Jón dó 6. desember 1886.



Eyjólfur Magnússon (1841-1911)

Eyjólfur ljóstollur

Eyjólfur fæddist 6. júní 1841. Eyjólfur var sýslumannssonur og þótti efnilegur í æsku. Hann stundaði nám í bókbandi á ungdómsárum sínum og sá þá einnig um að innheimta svokallaða ljóstolla fyrir Reykjavíkurdómkirkju þaðan sem hann fékk viðurnefnið ljóstollur. Upp úr dvöl hans í Reykjavík fór að bera á geðrænum vandamálum hjá honum sem settu mark sitt á allt líf hans. Hann stundaði lengi vel barnakennslu í Borgarfirði yfir vetrartímann en yfir sumartímann var eins og hann umbreyttist. Þá fór hann iðulega til Reykjavíkur, drakk stíft, heimsótti höfðingja og þáði hjá þeim gjafir og góðgerðir. Á efri árum sínum flakkaði hann víða um land. Hann var ágætlega hagorður, hafði fallega rödd og þótti fær og vinsæll upplesari. Eyjólfur dó 31. ágúst 1911.

Vatnsberar



Sæfinnur Hannesson (1826-1896)

Sæfinnur með sextán skó

Sæfinnur Hannesson hefur orðið að eins konar táknmynd vatnsbera. Hann var fæddur 1. júní 1826 á Nabba í Kaldaðarneshverfi í Flóa og lést 5. febrúar 1896. Sæfinnur var illa til fara og vanhirtur með sítt hár og úfið skegg. En hann var geðgóður og kurteis og hafði gott hjartalag. Sæfinnur hlaut viðurnefni sitt af því að hann klæddist yfirleitt hverri flíkinni utan yfir aðra, þar með talið á fótunum. Hann hirti allt og hélt öllu til haga sem hann eignaðist og geymdi í bústað sínum, en það voru tvö salerni á bak við samkomustaðinn Glasgow. Um 1890 rifu bæjaryfirvöld bæli hans og komu þá í ljós mannhæðar háir staflar af alls kyns fjörurusli, götusorpi, flöskubrotum og fataræflum. Inn á milli leyndust svo töluverðir peningar, sumir gamlir og ógjaldgengir.



Guðrún Ólafsdóttir (1817–1890)

Gunna grallari

Guðrún Ólafsdóttir var fædd í Borgarfirði 29. júní 1817 og lést þann 9. júlí 1890. Gunna var sögð vel greind, hagmælt og með laglega söngrödd. En hún var drykkfelld og söng hún oft við raust þegar hún var við skál. Hún sótti vatn fyrir Níels Jörgensen veitingamann í nokkur ár en hann rak hina alræmdu krá Svínastíuna. Þangað vandi Gunna komur sínar og var hún ein fárra kvenna sem það gerðu.

Jón Guðmundsson (d. 1916)

Jón smali

Einn vatnsberanna hét Jón Guðmundsson og var kallaður Jón smali en viðurnefnið mun hann hafa fengið frá því að hann vann eitt sinn við skepnuhald. Hann var duglegur og samviskusamur maður, byggði sér meðal annars hús á Bræðraborgarstíg sem hann leigði út en fékk sjálfur að vera í einu herbergi. Þegar Jón lést árið 1916 arfleiddi hann Fiskimannasjóð Kjalarnesþings að öllum eigum sínum, en sá sjóður var ætlaður til styrktar ekkjum drukknaðra sjómanna.



Ljósmynd í bakgrunni og að ofan: Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Glímukappinn



Hannes Hannesson (1809-1894)

Hannes stutti

Hannes fæddist þann 9. júlí 1809 í Kringlu í Miðdalahreppi í Dalasýslu og var viðloðandi þann hrepp alla sína ævi. Hann flakkaði um Dalasýslu og nágrannasýslur auk þess sem hann mun eitthvað hafa farið suður með sjó á sínum yngri árum þar sem hann stundaði sjómennsku. Hann stoppaði ekki lengi við á þeim bæjum þar sem hann var skráður til heimilis, var þá alla jafna kyrr yfir hásláttinn, en svo var hann farinn á flakk. Hann fór allra sinna ferða á hesti og hafði oft fleiri hesta með sér í taumi.

Yfirleitt var Hannes aufúsugestur þar sem hann kom enda söng hann, sagði ýkjusögur af sjálfum sér og samdi vísur um fólkið á bænum og hafði fólk gaman af. Margir töldu hann hið mesta leirskáld en best tókst honum upp þegar hann kastaði vísu fram í snarheitum. Söngstíll hans þótti æði sérstakur, hann stakk putta í eyra og fetti sig síðan og bretti og sneri sér í hringi á meðan hann söng, en röddin var hljómmikil og falleg.

Hannes var lítill vexti en samsvaraði sér vel. Sagan segir að þegar hann sat á venjulegum stól náði hann ekki niður með fæturna. Smæð sína bætti hann upp með því að vera mjög sterkur og leikinn glímumaður. Átti hann ekki í neinum vandræðum með að sigra sér mun stærri menn.

Hannes var afskaplega nýtinn, föt sín stagbætti hann, þegar einir skór voru orðnir lélegir þá bætti hann öðrum utan yfir og lyktuðu föt hans og skór ekki vel. Þrátt fyrir að vera frekar sóðalegur til fara fylgdi honum ekki lús.

Hannes dó að Fellsenda í Dölum árið 1894, þá skráður sem niðursetningur.

Fræðimaðurinn



Helgi Árnason (1822–1888)

Helgi fróði, Bóka-Helgi

Helgi Árnason fæddist 16. mars 1822 og ólst upp hjá foreldrum sínum í Magnússkógum í Dalasýslu. Hann gerðist síðan vinnumaður og smali um hríð, en eyddi stærstum hluta ævinnar á flakki. Sagan segir að hann hafi hálfpartinn hrakist á flakk sökum þess að hann þótti ólaginn vinnumaður og varð hann oft fyrir háðsyrðum vegna klaufaskapar síns við verkin.

Helgi var ekki af efnuðu fólki kominn og stóð því ekki til boða að ganga menntaveginn. En hann var bókhneigður og fróður og ferðaðist um með stóran poka á bakinu, fullan af bókum og smávegis af fatnaði. Þeim litlu peningum sem hann vann sér inn, eða var gefið, varði hann í bækur. Þar sem hann kom inn á heimili litaðist hann fyrst um eftir bókaskápnum og fann sér eitthvað álitlegt til lestrar. Fólki þótti gaman að hlýða á hann lesa upp úr bókum og las hann með miklum tilþrifum, spratt oft á fætur og setti á svið eins konar leikþátt.

Helgi hafði það orð á sér að vera latur, vegna þess að hann vildi síður vinna líkamlega vinnu. Hann sagðist þó sjálfur ekki vilja lúta svo „auvirðilegum verkum“ og vildi heldur liggja í fleti sínu á daginn og lesa eða sitja við skriftir. Oft sat hann úti í náttúrunni, umvafinn bókum og blöðum, virti fyrir sér landslagið og las. Hann var kátur og orðheppinn og skaut oft inn hnyttilegum athugasemdum er hann las upp úr bókum. Tilsvör hans þóttu einnig bera vott um visku hans og spekingslegar hugsanir. Eitt sinn er hann kom að prestsetri spurði prestur hann hvar hann ætti heima og svaraði Helgi þá: „Veit ekki presturinn það, að vér eigum hér engan blífanlegan samastað?“

Helgi lést þann 17. júní 1888.

Farandleikarinn



Halldór Þorkelsson (1845–1895)

Halldór Hómer

Halldór fæddist árið 1845 í Desjamýrarsókn, Norður-Múlasýslu. Hann flakkaði víða, bæði sumar og vetur, fór um Fljótsdalshérað, Vopnafjörð og næstu firði þar fyrir sunnan. Hann vildi ferðast eins og heldri maður, sagðist vera í kynnisferðum og heimboðum til vina og vandamanna. Viðurnefnið fékk hann vegna þess að hann kallaði sig iðulega Hómer Íslands, enda væri hann mikið skáld.

Hann gerði sjaldnast handtak þar sem hann kom, betlaði ekki og var ekki með neinn óþokkaskap. Besta leiðin til að losna við hann var að biðja hann um að vinna eitthvert verk, þá þurfti hann allt í einu að drífa sig af stað. Væri hann beðinn um að annast eitthvert skítverk þá rauk hann burt í fússi.

Halldór sagðist gjarnan vera fæddur í þennan heim til að vera prestur og það þyrfti ekki að læra til prests heldur væri sú gáfa meðfædd. Eitt af því sem hann gerði til að skemmta fólki var að framkvæma ýmis prestsverk. Þá fékk hann oftast lánað sparipils húsfreyjunnar sem hann klæddist yfir axlirnar eins og hann væri í hempu. Skemmtilegast fannst honum að gifta og sagði þá jafnan við „hjónin“ að þau þyrftu að vera hvort öðru til ánægju „bæði í hvílunni og utan hvílunnar“. Hann virðist ekki hafa sett það fyrir sig hvort hann gifti mann og konu, tvær konur eða tvo karla.

Að vetrarlagi klæddist hann síðum frakka innst af yfirhöfnunum. Þar yfir hafði hann aðra kápu, nokkru styttri, en yst fata stuttan slopp og líktist hann renndum taflmanni í þessum búningi.

Halldór Hómer dó árið 1895.

Ein þekkt barnagæla sem Halldór Hómer fór með var svona: „Hægra auga, vinstra auga, hægra eyra, vinstra eyra, ennið, nefið, munnurinn, hakan, brjóstið, maginn, tígulkóngurinn og kongóte og tromm, tromm, heilla mín!“ Þegar hann fór með þetta ýtti hann um leið á líkamshluta barnsins með miklum leikrænum tilburðum.

Halldór hafði taxta á prestsverkum sínum:

Fyrir að dansa í 2-3 mínútur.....kr. 0,10
Fyrir að skíra barn (þ.e. flösku, sem vafinn var tuskum).....kr. 0,25
Fyrir að taka til bæna .....kr. 0,20
Fyrir að gefa saman hjón .....kr. 0,50
Fyrir að segja þau sundur .....kr. 1,00

Ljósmynd í bakgrunni: Frederick W. W. Howell, 1890-91.

Einn af okkar minnstu bræðrum



Jóhann Bjarnason (1829–1907)

Jóhann beri


Jóhann fæddist 8. júlí 1829 á Vigdísarstöðum á Vatnsnesi. Hann er talinn hafa verið nokkuð bráðþroska, lærði snemma að lesa og skrifa, hafði fallega rithönd og gott vald á máli.

Sumarið 1851 kvæntist Jóhann Guðfinnu Gísladóttur og eignuðust þau tvo syni. Vorið 1857 fluttist stúlka að nafni Soffía á bæ í nágrenninu og fljótlega tóku Jóhann og Soffía að draga sig saman. Við þetta gjörbreyttist heimilisbragurinn á Vigdísarstöðum. Jóhann réði Soffíu til sín sem bústýru og urðu í kjölfarið miklar deilur á heimilinu, Guðfinna vék hvergi og lagði fæð á Jóhann og Soffíu, en konunum lenti oft saman. Prestur hreppsins talaði að lokum um fyrir Jóhanni, sem sneri sér aftur að konu sinni en Soffía vék burt af heimilinu.

Jóhann og Guðfinna skildu árið 1862 og líklega hefur hann hafið flakk sitt sama ár en hann hafði þó afdrep í skemmu á Vigdísarstaðahlaði til ársins 1871. Á þessum árum gerðist hann æ undarlegri í háttum og flakkaði um illa til fara. Oft var hann aðeins á nærbuxum og skyrtu, úlpu og háleistum. Fötin voru rifin og tætt og víða sást í beran líkama Jóhanns gegnum götin. Þegar honum var boðinn fatnaður neitaði hann yfirleitt, og ef hann þáði klæðin voru þau fljótt orðin tætingsleg. Um hálsinn hafði hann þó góðan trefil.

Hann var svipbrigðalaus og fámáll og yrti sjaldan á fólk af fyrra bragði. Hann barði ekki að dyrum heldur gekk rakleiðis inn, fann sér álitlegt rúm og lagðist þar til hvílu eða svaf í útihúsum, þáði mat sem honum var boðinn en snerti annars ekkert sem hann átti ekki sjálfur. Hann bar með sér poka og skjóður sem í voru ýmis kver, ritföng og lækningagrös. Sökum útlits hans og framkomu skaut hann fólki oft skelk í bringu og börn óttuðust hann. Hann gerði þó engum neitt nema honum væri til þess ögrað og verst var ef hann heyrði nafn Soffíu nefnt, þá var sem rynni á hann æði.

Þegar leið á ævi hans breyttist framkoma hans og hann varð léttari í návist þeirra sem hann taldi sér velviljaða. Þá gat hann dundað við lestur og skriftir og raulaði stökur. Jóhann lifði hrakningslífi, og flakkaði víða um land. Hann lést að Bakka í Svarfaðardal þann 27. ágúst 1907.



Ég vil viðja hvern þann mann, er veit til ferða Jóhanns Bjarnasonar frá Vigdísarstöðum á Vatnsnesi, er lengi hefir verið á ferðalögum syðra, að láta Jóhann vita frá Bjarna syni hans, sem nú er ráðinn til Vestrheims á yfirstandanda sumri, að það er hans innileg bón til föður síns, að hann vilji unna honum viðtals við sig á næstkomandi Jónsmessu að Ytri-Völlum á Vatnsnesi, með því að Bjarni á nauðsynjaerindi við hann frá Gísla bróður sínum, er Jóhann mun geta ráðið í hvers kyns muni vera.

Ég er með áríðandi bréf til Jóhanns, er ég var beðinn að koma til skila, ef ég frétti til ferða hans á leið minni, en með því að mér hefir engi fregn af honum borizt, tek ég þenna útveginn og bið alúðlega hvern, er þessa auglýsingu les, að benda Jóhanni á hana, því honum stendr það á miklu, að hann geti fundið son sinn.

Staddr í Reykjavik, 9/5.

Ingimundr Jakobsson,
frá Útibleiksstöðum.

Auglýsing í *Þjóðólfi*, 12. maí 1883

Gísli, eldri sonur Jóhanns, fluttist til Vesturheims árið 1874. Tæpum áratug síðar ákvað yngri sonurinn, Bjarni, að fara sömu leið. Bræðrunum var annt um hag föður síns og vildu að Jóhann slægist í vesturfarahópinn. Brugðið var á það ráð að auglýsa eftir honum í *Þjóðólfi*. Bar það tilætlaðan árangur en Jóhann vildi þó ekki fara til Vesturheims þrátt fyrir að hart væri lagt að honum.

Ljósmynd í bakgrunni: Frederick W. W. Howell, 1890-91.

Ákvæðaskáldið



Björg Einarsdóttir (1716–1784)

Látra-Björg

Björg Einarsdóttir var fædd árið 1716 og ólst upp að Látrum á Látraströnd. Snemma var það ljóst að Björg var skáldmælt og miklum gáfum gædd. Hún var nokkuð mikil vexti og þótti heldur ókvenleg í atferli. Björg giftist aldrei en sagan segir að franskur sjómaður hafi svikið hana. Á sínum yngri árum stundaði hún sjómennsku en flakkaði um landið þegar líða tók á ævina.

Auk þess að yrkja um veðurfar, sjósókn og sveitirnar sem hún flakkaði um, orti Björg níðvísur um þá sem henni var illa við og var hún talin mikið ákvæðaskáld. Sjálfri sér lýsti hún svona eftir að hún kom á bæ þar sem barni varð starsýnt á hana:

Getið er ég sé grýlan barna,
af guði sköpt í mannsins líki,
glápir á mig unginn þarna
eins og tröll á himnaríki.

Björg lést á Langanesi þann 26. september 1784.

... kvenna var hún ferlegust ásýndum að sögn þeirra manna er hana sáu og eftir henni muna ella kynntust henni, hataði skraut og alla sundurgerð, hálslöng mjög og hávaxin og sagt henni væri afar hátt til knés. Bjóst hún jafnan sauðsvartri hempu er tók henni á mið læri, með hnappaskúfshúfu þá mest hafði ráð en oftast hettu sauðmórauða á höfði. Heldur var og ókvenlegt atferli hennar í mörgu, því læri sitt lagði hún upp á sléttu þó hún færi á bak meðalháu hrossi og að öngu, hvorki í atferli né ásýndum, er sagt hún væri lík frændum sínum.

Gísli Konráðsson: *Syrpa úr handritum Gísla Konráðssonar,* 2. bindi, bls. 198.

Umferðasalinn



Sigríður Jónsdóttir (1848–1913)

Poka-Sigga

Sigríður fæddist að Skógum í Öxarfirði 15. maí 1848. Hún ólst upp hjá foreldrum sínum en gerðist svo vinnukona á ýmsum stöðum í Þingeyjarsýslu og Múlasýslu. Hún þótti myndarleg og gáfuð og að henni sópaði hvert sem hún fór. Mun hún hafa lent í ýmsum ástaræviníýrum á þessum árum og segir sagan að piltur einn hafi svikið hana og að hún hafi hálfsturlast upp frá því. Hvað sem til er í því er ljóst að skap hennar breyttist um þrítugsaldurinn, hún tolldi hvergi í vist og lagðist í flakk.

Fljótlega eftir að Sigríður hóf að flakka tók hún upp á því að selja ýmsan varning eins og skartgripi, fatnað og fleira verðmætt. Hún seldi t.a.m. trúlofunarhringa, en það þótti einkar gott að opinbera trúlofun með hringum frá henni. Vörurnar fékk hún í verslunum á Akureyri og ferðaðist svo með þær um sveitir í pokum á bakinu. Þegar leið að aldamótum keypti Sigga sér hest til að bera vörurnar og bætti fljótt við öðrum, svo umfangsmikil var verslun hennar.

Sigga var vel liðin hvar sem hún kom og þótti fróð, minnug og skemmtileg. Hún kunni mikið af gömlum þulum, kvæðum og sögum og sagði vel frá. Hún var reglusöm og hafði nokkurn hagnað af verslun sinni. Síðustu árin var hún vel til fara og borgaði hún alltaf til baka alla greiða. Sigríður lést árið 1913 að Skógum í Öxarfirði, þar sem hún fæddist og var talin til heimilis meiri hluta ævinnar.

Úr kirkjubókum séra Þorleifs Jónssonar (1845–1911) á Skinnastað:

Árið 1890 stendur: „Gengur um hér í sókn.“
Í athugasemdadálki stendur: „Fáráðlingur.“
Árið 1894 stendur: „Á ferð.“
Árið 1895 stendur: „Sölukona.“
Árið 1898 stendur: „Spekúlant.“ – „Á ferli.“
Árið 1903 stendur: „Sölukona.“
Árið 1905 stendur: „Spekúlant.“
Árið 1906 stendur: „Sölukona.“
Árið 1907 stendur: „Á ferli og selur.“
Árið 1908 stendur: „Á ferli.“
Árið 1909 stendur: „Á ferli og selur.“
Árið 1911 stendur: „Verzlar.“

(Benjamín Sigvaldason. 1950. *Sagnaþættir.* 1. bindi. bls. 145-146.)

Landhlauparinn

Magnús Guðmundsson (~1764–1844)

Magnús sálarháski

Magnús fæddist um 1770 í Blönduhlíð í Skagafirði. Hann var greindur, vel verklaginn og sterkur en sóttist ekki mikið eftir því að vinna.

Magnús var mikill matmaður og þegar húslestrar voru lesnir átti hann það til að ganga um gólf með askinn sinn og éta úr honum, því hann þyrfti jú að seðja líkamann um leið og sálina. Viðurnefni sitt, sálarháski, fékk hann vegna þess að hann sagði í tíma og ótíma að þetta og hitt væri mikill sálarháski.

Magnús eirði sjaldan lengi við á hverjum stað og flakkaði víða um á Norður- og Vesturlandi, bæði að sumar- og vetrarlagi og hafði hann tvö hross með sér á flakki sínu. Lengst af var hann með sömu hrossin á ferðum sínum sem hann kallaði Stolta-Jarp og Lítillátu-Gránu.

Magnús dó árið 1844.

Sláttumaðurinn

Magnús var góður sláttumaður og hafði sérstaka hæfileika til að brýna eggjárn. Til er saga af því þegar hann var fenginn til að slá ásamt tveimur öðrum mönnum. Áttu þeir á einni viku að slá sem samsvaraði sex dagsláttum. Byrjuðu menn-irnir tveir strax verk sitt en Magnús lá inni í húsi milli þess sem hann borðaði. Gekk þetta svo fyrsta einn og hálfan dag-inn. Þá fór Magnús til smiðju og hóf að dengja ljá sinn og hélt því verki áfram fram á næsta dag þegar hann loks fór að slá. Að kvöldi næsta dags hafði Magnús lokið við sinn hluta verksins og notaði afgang vikunnar til þess að hvílast og nærast. Þegar verkið var metið að viku lokinni kom í ljós að Magnús hafði slegið áberandi best.

Lausgangaraskapur

Magnús kom nokkrum sinnum fyrir rétt, fyrst árið 1804 fyrir flakk, 1810 fyrir lausgangaraskap og einnig 1813. Hann fékk dóm fyrir ítrekaðan lausagang og landhlaup og var dæmdur til að þola 20 vandarhagga refsingu.

Þegar Jón Espólín sendi Þorsteini hreppstjóra Tungusveitar bréf þess efnis að hýða ætti Magnús sendi hann þessa vísu með:

Fátt er nú um frétta val,
í ferðaveðri óhlýju.
Háski sálar hafa skal
högg á skrokkinn tíu.

Þegar Þorsteinn hafði svo séð til þess að Magnús hafði tekið út sinn dóm svaraði hann Jóni Espólín til baka með þessari vísu:

Fyrir ranga flökkun stranga
fróns um dranga tanga,
hrygginn Manga hart skal banga
hríslan angalanga.

Ljósmynd í bakgrunni: Willem van de Poll, 1934.

Hreppsflakkarinn



Svanur Jónsson (1821-1848)

Þann 19. mars 1821 fæddist hjónunum Jóni Bjarnasyni og Solveigu Steinólfsdóttur að Grjóteyrartungu í Andakílshreppi drengur sem hlaut nafnið Svanur. Uppeldisskilyrði hans voru bág, foreldrar hans skildu og var Svanur þá tekinn í fóstur en upp úr 18 ára aldri tók hann að flakka um Borgarfjarðarsýslu.

Snemma bar á áhuga hans fyrir bókum og greinilegt var að hann hafði skáldahæfileika, eins og rímur hans af Böðvari Bjarka bera með sér. Aftur á móti var hann erfiður í skapinu og leiddist út á braut glæpa líkt og faðir hans hafði gert. Árið 1839 var hann dæmdur til að hýðast 20 vandarhöggum fyrir þjófnað, flakk og hótanir.

Í upphafi árs 1842 var aftur réttað yfir Svani í héraði, að þessu sinni fyrir þjófnað á ýmsu smálegu, ósæmilegt framferði og hótanir. Dómurinn hljóðaði upp á fjögurra ára vist í betrunarhúsi Kaupmannahafnar auk þess sem hann átti að endurgreiða virði þess stolna og málskostnað. Þessi dómur var síðan tekinn fyrir í Landsyfirrétti þar sem nokkur atriði urðu þess valdandi að dómnum var breytt, eða eins og segir í dómnum: „Þessi atriði eru ... ákærða ungi aldur, illa uppeldi og fúsa meðkenning.“ Í stað fangelsisdómsins átti að hýða Svan 81 vandarhöggi auk þess sem hann átti að vera „undirgefinn pólitístjórnarinnar sérdeilislegu tilsjón“ í tvö ár.

En Svanur lét ekki segjast. Í janúarbyrjun 1847 var Svanur enn á ný leiddur fyrir dóm, hann hafði stolið harðfiski og blýsökku. Að þessu sinni var Svanur dæmdur til að erfiða í betrunarhúsi Kaupmannahafnar í 4 ár. Hann var síðan sendur út það ár og dó í fangelsinu þann 19. janúar 1848, rétt tæpu ári eftir að síðasti dómur féll yfir honum í héraði.

Eftir Svan Jónsson eru til varðveittar rímur af Böðvari Bjarka sem hann orti árið 1845. Í rímunum má lesa um aðstæður hans, þar segir meðal annars:

Dæma munu þegnar þann, sem þetta kvað
– lasta, en ekki lofa það.
Þér ég segi, það er venja þjóðar hér
harla lítið hrósa mér.
En þá gildir einu mig, þó Ísaþjóð
leggi til mín last og hnjóð.
Því að gleði þessi huggar þanka minn:
eftir kemur eilífðin.

Manntal	Aldur	Heimili	Staða
1835	15	Kvíakot í Mýrarsýslu	Léttadrengur
1840	20	Norðurkot í Hvanneyrasókn	Flakkar um hreppinn

Mynd í bakgrunni: Betrunarhús Kaupmannahafnar.

Ekkjan



Jóhanna Guðlaugsdóttir (1806–1878)

Rifs-Jóka

Jóhanna fæddist 17. desember 1806 að Ytri-Neslöndum í Mývatnssveit. Móðir hennar var vinnukona þar en faðerni Jóhönnu var alla tíð umdeilt. Hún var kennd vinnumanni á bænum en orðrómur var um að sonur bóndans væri faðir Jóhönnu. Líklega hefur hann ekki viljað gangast við barninu því bróðir hans hafði áður átt barn með móður Jóhönnu en samkvæmt ákvæði Stóradóms máttu bræður ekki eignast börn með sömu konunni. Stuttu eftir fæðinguna voru mæðgurnar hraktar á brott en seinna tóku hjónin á Ytri-Neslöndum Jóhönnu að sér. Hún gerðist síðar vinnukona víða í Mývatnssveitinni.

Jóhanna þótti gáfuð og glæsileg, en nokkuð skapmikil og orðhvöt. Hún eignaðist tvö börn með kvæntum mönnum og var henni ekki lengi vært í sveitinni eftir það. Hún flakkaði um skeið og var síðast vinnukona á Austaralandi í Öxarfirði þar sem hún giftist Guðmundi Einarssyni árið 1832.

Eftir lát Guðmundar árið 1846 bjó Jóhanna áfram á búi þeirra á Rifi ásamt börnum sínum. Var þetta harla óvanalegt á þessum árum, því iðulega voru heimili leyst upp ef húsbóndinn féll frá. Sagan hermir að Jóhanna hafi stundum hnuplað ýmsu smálegu sem hana vantaði og varð brátt óvinsælli en áður.

Í júlí 1848 fæddi Jóhanna barn, sem lést stuttu eftir fæðingu og faldi hún það í kofa. Hálfum mánuði síðar þóttist hún fæða andvana barn, en Jóhanna var sökuð um að hafa deytt barn sitt. Fyrir þetta var hún dæmd til 15 vandarhagga refsingar en síðar vísaði Landsyfirréttur málinu aftur heim í hérað þar sem hún var sýknuð.

Eftir þetta hraktist Jóhanna frá Rifi og fór á flakk. Árið 1862 þurfti hún aftur að standa fyrir rétti, nú fyrir sauðaþjófnað. Hlaut hún tíu vandarhögg fyrir tiltækið og var það flakkarinn Holu-Pétur eða Pétur landshornasirkill sem framkvæmdi refsinguna.

Skáld á hrakhólum



Tómas Guðmundsson (1827/1828–1895)

Tómas víðförli, Geirdælingur

Tómas fæddist annaðhvort árið 1827 eða 1828 að Gilsfjarðarbrekku í Barðastrandarsýslu. Ungur að árum missti hann móður sína og er skráður tökubarn á Gilsfjarðarbrekku í sálnaregistri árið 1834.

Við fermingu var Tómas sagður „greindur, gáfaður og náttúrugóður; gæddur sögu- og náttúrugáfum“. Hann var hagyrðingur og eftir hann hefur varðveist fjöldi af kvæðum og rímum. Hann safnaði einnig þjóðsögum og birtust sumar þeirra í safni Jóns Árnasonar. Oft má í kvæðum Tómasar lesa á milli línanna um líðan hans og tilfinningar, um brostnar vonir manns sem hafði margt til brunns að bera en þurfti þó að beygja sig undir örlög ógæfumannsins.

Nákvæmlega hvenær og hvers vegna Tómas fór að flakka um sveitir er ekki vitað. Á árunum 1850–1858 eignaðist hann fjögur börn í lausaleik með þremur konum og hefur það eflaust átt þátt í því að skapa örlög hans. Einnig hefur Bakkus átt hlut að máli, en Tómas varð snemma drykkfelldur.

Þann 9. desember 1895 hugðist Tómas fara á milli Byrgisvíkur og Kolbeinsvíkur í Árneshreppi og var nokkuð drukkinn. Skammt frá leiðarenda varð hann úti og fannst ekki fyrr en viku síðar, „berhöfðaður, og pjönkur hans og stafur skammt þar frá“.

(*Þjóðólfur* 1896).

Man ég brúður besta

Man ég brúður besta
burtu horfna stund,
þegar þanka hressta
þín fékk hýra lund,
tryggðfestandi tali með.
Ylgeislarnir auga þíns
andar vermdu beð.
...

Þá var auðna og yndi
okkar vegaljós,
bar ei böls á vindi;
bar og engin drós
af þér fyrir auga mín;
Nú hefur tíðin umbreyst öll
einnig hugsan þín.
...

En ég breytist eigi
eða gleymi þér
örlög ill þó fleygi
ýmsa vega mér
meðan hræri mála dör
ég skal kveða um eina þig
elskuð meiðma vör.

Ljóðið er ort árið 1867 og líklega yrkir Tómas hér um Sólrúnu Hjaltadóttur, æskuást sína og barnsmóður.

Lbs 1874 8vo.

Viðurnefni

A
Arakots-Jón
Arnbjörg niðursetningur

Á
Álfrún í Sundi
Árni biblía
Árni funi
Árni gersemi
Ásgeir prestalausi

B
Barna-Arndís
Barna-Finnur
Bjarni læða
Björn búfræðingur
Björn flogaveiki
Björn lóra
Bjössi sólskinsauga
Borga-Mangi
Bóni prins
Bréfa-Runki

D
Dabbi í Nesi

E
Egill stutti eða Egill dula
Einar durgur
Einar faldur
Einar grettir
Einar kjaftur
Einar stopp
Einar söngur
Eiríkur hlóðabræðingur
Elín rifa
Elín skinnhúfa
Erlendur blautabrúða eða Erlendur brúða
Eyjólfur ljóstollur
Eyjólfur skrækur
Eyjólfur tónari eða Eyjólfur litli

F
Floga-Sveinn

G
Gilsárvalla-Gvendur
Gísli mjalti
Guðlaugur búðarbrauðlaugur
Guðmundur bíldur eða Guðmundur mógol
Guðmundur blesi
Guðmundur kíkir
Guðmundur mormóni
Guðmundur nefstóri
Guðmundur snemmbæri
Guðmundur spaði
Guðrún suða
Guðvarður söngur
Gunna gála
Gunna grallari
Gunnar langi eða Gunnar tónari
Gunnlaugur brauðlaugur
Gvendur bonni
Gvendur dúllari
Gvendur kamphöttur
Gvendur pati
Gvendur ralli
Gvendur vísir

H
Hallbera hekla eða Hallbera allra gagn
Halldór Absalon
Halldór Hómer
Halldór skruðningur
Hannes stutti
Hans hjutt
Haukadals-Halldóra
Helgi fróði eða Bóka-Helgi
Hemmi túkall eða Hemmi króna
Hensi hjá Smith
Hjálmar goggur eða Pilsa-Hjálmar
Hlíðar-Vigga
Hogensen lóðs
Hreppa-Dísa
Hunda-Lárus eða Lárus hinn ríki í Papey
Hunda-Sigga

I
Imba skotta
Ingimundur fiðla
Ingimundur krókur

J
Jakob makalausi
Jóhann beri
Jóhann Helgafells
Jóhann sólskjöld
Jóhannes blápungur eða Jóhannes mógol
Jón berhenti
Jón betri
Jón blánefur
Jón bol eða Jón boli
Jón böðull
Jón dauðablóð
Jón gosabróðir
Jón helmingur
Jón Höllufóstri
Jón kis kis eða Jón gamli í bakaríinu
Jón Kjósarlangur eða Jón koparhaus
Jón kópi
Jón kúi
Jón kvenpeysa
Jón möttulstutti
Jón Repp
Jón sinnep eða Jón mæða
Jón skjóða
Jón smali
Jón söðli
Jónas grjótgarður

K
Klukkinda-Valdi
Kristján krummi
Kristján prófastur
Kúa-Grímur
Kúa-Kjartan

L
Langi-Tóni
Langstaða-Steini
Látra-Björg
Lúsa-Kröjer

M
Magnús blessaði eða Magnús pissíbux
Magnús mulla
Magnús raunabolli
Manga dauðablóð
Manga með augað eða Manga með skarn í auga
Myllu-Kobbi

O
Oddur rýnir
Oddur sterki af Skaganum

Ó
Ófeigur illi
Ólafur ponta
Ólafur þögli
Óli gossari
Óli prammi
Ólöf á klossunum

P
Pétur á sokkaleistunum
Pétur Hoffmann
Pétur landshornasirkill eða Holu-Pétur
Pétur læpa
Pétur prentari
Pétur tæba
Poka-Sigga

R
Rauði-Finnur, Skyr-Finnur, Stutti-Finnur,
Mera-Finnur eða Skinnsokka-Finnur
Rifs-Jóka
Ropa-Katrín
Rómanía í Höll

S
Sigga blaðra
Sigga knella
Sigga skálda
Siggi biskup
Siggi gamliskjóni
Sigríður handvana
Sigurbjörn flækingur
Sigurbjörn veisill
Sigurður á skyrtunni eða Sigurður sóði
Sigurður brennir
Sigurður flakkari
Sigurður pottbrauð
Sigurður silkiblaðka
Sigurður svaki eða Hvammur kolsgapi
Sigurður söðladót
Sigurgeir hinn sterki
Sigurlaug kattarkryppa
Símon Dalaskáld
Símon æjú
Skaga-Davíð
Skitu-Lási
Smjör-Sigga
Stefán aumingi
Stefán halti
Stefán strympa
Steindór heyrnalausi
Stutti-Bjarni
Sunnlenski-Jón
Sveinn boli
Sveinn holgóma
Sveinn lati
Sveinn sílati
Sæfinnur með sextán skó
Sögu-Andrés
Sölu-Sigga
Sölvi spekingur, Sólon Islandus

T
Tómas víðförli, Geirdælingur
Tóti amtmannssonur
Tryppa-Gísli

U
Umferða-Eiríkur

V
Vitlausa-Sigga

Þ
Þorbergur blákjammi
Þorgerður postilla
Þorgerður væla
Þórður malakoff eða Þórður alamala
Þuríður beinrófa

Ljósmynd í bakgrunni: Frederick W. W. Howell, 1890-91.